

lega í búvísindum, húsdýra- og gróðurækt nytjajurta til fóðrunar og manneldis. 38  
13. apríl

Hverskonar ágreiningi, sem rísa kann milli hreppsbúa sjóðnum viðkomandi, ber stjórn sjóðsins að vísa til yfirstjórnar búnaðarmála Íslands, til endanlegs úrskurðar.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Kistu, 16. febr. 1927.

*Jónas Jóhannsson.*

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningar- sjóð Torfa Bjarnasonar, skólastjóra í Ólafsdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms og kirkjumálaráðherra 19. apríl 1927. Skipulagsskráin er þannig: 39  
19. apríl

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Minningarsjóð Torfa Bjarnasonar skólastjóra í Ólafsdal.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Torfa Bjarnasonar, skólastjóra í Ólafsdal.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, þannig, að allir vextir leggjast við höfuðstólinn og eins það, er kynni að verða bætt við hann (höfuðstólinn), þar til ársvextir hans eru orðnir 350 — þrjú hundruð og fimtíu — krónur. Þá falla til útborgunar 300 — þrjú hundruð — krónur, er gjaldkeri Búnaðarfjelags Íslands veitir móttöku.

Aldrei má minna leggjast við höfuðstólinn en 50 krónur af ársvöxtunum, en til útborgunar falli aðeins það af þeim, sem nær heilum hundruðum.

3. gr.

Búnaðarfjela Íslands hefir alla stjórn sjóðsins, geymir öll skjöl hans, svo sem skipulagsskrá þessa, viðskiftabók Söfnunarsjóðsins og

39 önnur skjöl, er sjóðnum tilheyra. Fjehirðir Búnaðarfjelagsins gerir ár-  
19. apríl lega reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins og leggur hann fram til athugunar á Búnaðarþingi, eftir að farið er að eyða nokkru af vöxtunum. Þangað til nægir að sýna viðskiftabók Söfnunarsjóðsins á hverju Búnaðarþingi.

#### 4. gr.

Þeim hluta vaxtanna, sem ekki verður lagður við höfuðstólinn, samkvæmt 2. gr., skal verja til verðlauna til búfræðings eða búfræðinga, af íslenskum búnaðar- eða bændaskóla, sem fullnægt hafa eftirfylgjandi skilyrðum:

1. Hafi tekið próf með fyrstu einkunn og auk þess fengið góðan vitnisburð fyrir verklegt jarðyrkjunám.
2. Hafi, að minst 10 árum liðnum frá prófi, sýnt sig sem vel hæfan búnaðarskólastjóra, búnaðarskólakennara eða mjög nýtan bónda eða landbústjóra, einkum að því er snertir lofsverðar nýjungar í landbúnaði.
3. Hafi reynst framkvæmdasamur stuðningsmaður búnaðarfjelagsskapar í hjeraði sínu eða fyrir landið í heild.

#### 5. gr.

Verðlaun til hvers einstaks manns sjeu ekki lægri en 300 kr. og ekki hærri en 500 kr. Þegar því hin útborganlega upphæð nær 6—8 hundruð krónum, geta tveir orðið aðnjótandi verðlaunanna á ári, og eftir sömu reglum fleiri, þegar upphæðin vex meira.

#### 6. gr.

Til þess að fá verðlaun, þarf að sækja um þau skriflega til stjórnar Búnaðarfjelags Íslands, sem kynnir sjer allar ástæður, áður verðlaunin eru veitt. Ekki má veita sama manni verðlaun oftár en einu sinni á tíu ára tímabili, og skulu þó nýir umsækjendur ganga fyrir, að öðru jöfnu.

Þyki stjórn sjóðsins ekki þörf á því, að veita einum manni hærri verðlaun en 300 krónur, þó útborganlega upphæðin sje hærri, skal hún þá leggja það, sem umfram er, við höfuðstólinn, til þess að flýta fyrir því, að fleiri geti orðið verðlaunanna aðnjótandi á hverju ári. Ber stjórninni þá að taka þá ákvörðun svo snemma og tilkynna hana stjórn Söfnunarsjóðsins, að vaxtatap verði ekkert, eða sem minst.

Samþykkt á nefndarfundu, 14. júní 1925.

*Guðjón Guðlaugsson*  
formaður.

*Metúsalem Stefánsson*  
ritari.